

# Kaskótrygging ökutækja

## Upplýsingaskjal um vátryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 502 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. vátryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Kaskótrygging er valkvæð trygging sem bætir tjón á ökutækinu sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanað-komandi atvika.



#### Hvað er tryggt?

##### Tryggingin bætir tjón:

- ✓ Á ökutæki sem lendir í umferðaráhappi.
- ✓ Af völdum þjófnaðar.
- ✓ Ef ökutækið brennur.
- ✓ Vatn sem flæðir inn í ökutækið ef ekið er yfir óvænta polla á bundnu slitlagi.
- ✓ Á rafhlöðu rafþíls, vél eða gírkassa ef ökutækið rekst niður í akstri eða eitthvað hrekkur upp undir það.



#### Hvað er ekki tryggt?

##### Tryggingin bætir ekki:

- ✗ Skemmdir eða slit af eðlilegri notkun.
- ✗ Tjón af völdum sandfoks.
- ✗ Tjón á undirvagni ef ökutækið rekst niður í akstri á fjallvegum, slóðum, utan vega eða yfir óbrúðar ár.
- ✗ Tjón vegna vatns sem flæðir inn í ökutækið ef ekið er yfir óbrúðar ár, vötn eða læki.
- ✗ Tjón sem verður vegna slits eða ófullhægjandi viðhalds.
- ✗ Þjófnað á ökutækinu erlendis.



#### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

! Tryggingin bætir ekki tjón sem verða í aksturskeppni.



#### Hvar er gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi. Ef um árstryggingu er að ræða gildir hún líka á ferðalagi í Evrópu í allt að 90 daga og í nauðsynlegum flutningi á milli landa.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarf að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarf að sjá til þess að allar upplýsingar á vátryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarf að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. að gæta þess að ökutækið sé læst þegar það er ekki í notkun og geyma lykla þess eða annan opnunarþúnað á öruggum stað.



#### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



## Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.